

GJALDSKRÁ

vegna þjónustu skipulags- og byggingafulltrúa og skipulags- og bygginganefndar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum.

1. gr.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.1. Íbúðarhúsnæði:

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið í gjaldinu byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fohheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Einbýlishús	kr. 68.054
Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð	kr. 56.712 pr. íbúð.
Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum	kr. 47.638 pr. íbúð.
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	kr. 40.832 pr. íbúð.
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	kr. 34.027 pr. íbúð.

1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fohheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum,

gólflötur allt að 500 fermetrar	kr. 68.054
---------------------------------	------------

Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum,

gólflötur stærri en 500 fermetrar	kr. 90.738
-----------------------------------	------------

1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fohheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Frístundahús	kr. 56.712
Smáhýsi allt að 25 m ² (aukahús við frístunda- og íbúðarhús)	kr. 28.356
Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, útihús á lögbýlum og viðbyggingar allt að 20 m ²	kr. 28.356
Viðbyggingar 20 – 100 fermetrar	kr. 39.698

Byggingaleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingaleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.

2. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld.

Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar	kr. 30.000
---	------------

2/3 staðfestingargjalds ganga uppí byggingarleyfisgjald	
Afgreiðslugjald í skipulags- og byggingarnefnd	kr. 4.000
Hver endurskoðun aðaluppdráttar	kr. 7.000
Endurnýjun leyfis án breytinga	kr. 5.000
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	kr. 11.500
Vottorð vegna vínveitingaleyfa	kr. 11.500
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	kr. 7.000
Framkvæmdaleyfi	kr. 11.500
Fyrir grenndarkynningu	kr. 32.500
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	kr. 20.000

Meiriháttar breytingar á samþykktu deiliskipulagi: Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingarnar á sinn kostnað, þó að undanskildum auglýsingarkostnaði.

3. gr.

Sveitastjórn Rangárbings ytra er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2003 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í janúar 2003 er 278 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárbings ytra 7. júlí 2003.

Rangárþingi ytra, 7. júlí 2003.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri Rangárbings ytra.